



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Alþingi
Erindi nr. P 139/1457
komudagur 23. 2. 2011

Grettisgata 89
105 Reykjavík

Sími 525 8340
Fax 525 8349

sfr@sfr.is
www.sfr.is

Reykjavík, 21. febrúar 2011

Efni: Umsögn SFR stéttarfélags í almannapjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, þskj. 378 – 311.

SFR stéttarfélag í almannapjónustu gagnrýnir harðlega framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna.

Félagið hefur bent ítrekað á að krafa Ríkisendurskoðunar um breytingar á lögnum, sem við teljum undanfara þessa frumvarps, sé í hæsta máta ómálefnaleg og ósmekklekleg.

Niðurstaða könnunar Ríkisendurskoðunar sýndi að stór hluti forstöðumanna hafði enga sérstaka þjálfun á sviði mannauðsmála og nýtti sér ekki þau mannauðsúrræði sem fyrir hendi eru. Þrátt fyrir það þá héldu þeir því fram að þeir gætu bætt þjónustu sinnar stofnunar með því að reka eldri starfsmenn og ráða nýja.

Frumvarpið hefur það einungis að markmiði að auðveldara sé að víkja fólki úr starfi og er þar er vegið ómaklega að opinberum starfsmönnum. Mikilvægt er nú sem endranær að launafólk sé varið gegn órókstuddum og ómálefnalegum uppsögnum.

SFR tekur undir með BSRB og átelur ríkisvaldið fyrir að hafa ekki haft samráð við samtök opinberra starfsmanna og reynt að leita leiða til þess að bæta stjórnunarhætti stjórnsýslunnar. Þessi tillaga til lagabreytinga er í hæsta máta vanhugsuð.

Árni Stefán Jónsson
Formaður SFR stéttarfélags í almannapjónustu